

REGLUGERÐ um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 800,00 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun léttra bifhjóla skal greiða 200,00 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Fyrir skoðun tengi- og festivagns sem færa ber til almennrar skoðunar skal greiða 800,00 króna árlegt skoðunargjald.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 479 20. desember 1984 um skoðunargjald ökutækja og reglugerð nr. 49 22. janúar 1985 um breyting á þeirri reglugerð.

Dóms- og krikjumálaráðuneytið, 18. desember 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Björnsson.